



14. júlí 2014
1406093

LBI hf.
Álfheimum 74
104 Reykjavík

Efni: Beiðni um undanþágur frá ákvæðum laga
nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

Í brefi slitastjórnar LBI hf. til Seðlabanka Íslands, dags. 12. júní 2014, er þess farið á leit að Seðlabankinn veiti undanþágur frá ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sem geri LBI hf. kleift að inna af hendi hlutagreiðslur til forgangskröfuhafa í samræmi við fyrsta gildisskilyrði samnings LBI hf. og Landsbankans hf. um breytingu og endurútgáfu skuldabréfa Landsbankans hf., sem undirritaður var sama dag. Farið er fram á að samþykktar verði tvær fyrirliggjandi undanþágubeiðnir vegna fjármuna sem þegar eru lausir til ráðstöfunar á reikningum LBI hf. innanlands og erlendis og hin þriðja vegna lausafjármuna sem fallið hafa til frá því tvær fyrrnefndu beiðnirnar voru sendar. Þá byggja skilmálar hinna breyttu skuldabréfa og veðsamnings á þeirri forsendu „að greiðslur af breyttum skuldabréfum í umsöndum gjaldmiðlum og eftir atvikum söluandvirði þeirra standi utan gjaldeyrishafta og þar með verði unnt að ráðstafa þeim fjármunum til kröfuhafa LBI hf. til greiðslu viðurkenndra krafna þeirra.“ Í brefi slitastjórnarinnar er áréttar að gildistaka breyttra skilamála skuldabréfa og breyts veðsamnings sé háð því að í síðasta lagi hinn 8. ágúst 2014 hafi gildisskilyrði samnings LBI hf. og Landsbankans hf., dags. 12. júní 2014, um breytingu og endurútgáfu skuldabréfa verið uppfyllt.

Samningur LBI hf. og Landsbankans hf. felur í sér lækkun á næstu árum á greiðslubyrdi innlendra aðila á gjaldeyrisskulduum við bú fallinna banka. Jafnframt bætir hann fjármögnun Landsbankans hf. Það síðarnefnda eykur líkur á að Landsbankinn hf. öðlist aðgang að erlendum lánamörkuðum á viðráðanlegum kjörum. Það yrði jákvætt framlag til lausnar greiðslujafnaðarkreppu Íslands og gæti um leið flýtt endurheimtun í búi LBI hf.

Seðlabanki Íslands getur þrátt fyrir ofangreint ekki veitt svar við þessari beiðni innan þeirra tímamarka sem gefin eru. Kemur þar tvennt til.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Í fyrsta lagi þarf ákvörðun bankans að byggja á ítarlegri greiningu á áhrifum samningsins á greiðslujöfnuð og aðila samningsins. Í því sambandi þarf að bera hann saman við núverandi stöðu. En einnig er það skylda bankans að kanna hvort breytingar á útfærslu eða aðrir kostir gætu verið í senn raunhæfir og betri fyrir einhvern eða alla aðila málsins. Þar með er ekkert fullyrt um hvort svo gæti verið. Þessi skoðun tekur einfaldlega meiri tíma en hér er gefinn og alveg sérstaklega með tilliti til árstíðar.

Í öðru lagi þarf að taka tillit til þess að stefna stjórnvalda um losun fjármagnshafta er í endurmati og tekur það ekki síst til þess hvaða hlutverk uppgjör búa föllnu bankanna mun hafa í því ferli. Töluvvert hefur þó miðað áleiðis undanfarna mánuði. Í apríl sl. skilaði ráðgjafahópur um losun fjármagnshafta álíti og nýlega var gengið frá ráðningu erlendra ráðgjafa sem munu verða stjórnvöldum innan handar um mótun stefnumunnar. Reikna má með að á næstu mánuðum geti stefnumótunin legið fyrir. Það er hins vegar óhjákvaemilegt að athugað verði hvernig afgreiðsla á ofangreindri beiðni samrýmist þeirri stefnumótun. Um það er ekki hægt að fullyrða á þessu stigi.

Miðað við fyrirliggjandi áætlanir gæti endanlegt svar komið eigi síðar en í árslok. Í því sambandi er rétt að áréttu að fyrri beiðnir um hlutagreiðslur til kröfuhafa verða áfram til skoðunar. Minnt skal á að allar undanþágur sem rætt er um í bréfi þessu þurfa lögum samkvæmt staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra auk samþykkis Seðlabanka Íslands.

Virðingarfullst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Samrit:
Fjármálaráðherra